

L Ö G

um

9

27. maí

framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjald-
eyrisverslun, og breyting á þeim lögum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, skulu
vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem
hjer segir:

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:

Þer nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera
tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa
gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.

b. 2. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn: Skipar fjármálaráðherra einn nefnd-
armanna, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af
bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpu-
skipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnu-
fjelaga Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett í nefndinni um
gengisskráninguna.

Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $\frac{3}{5}$, en Lands-
banki Íslands og Íslandsbanki að $\frac{1}{5}$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar
þá reikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 27. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.